

Prófnúmer _____

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
C-HLUTI**

Lagareglur um fjármagnsmarkaðinn (100%)

Laugardaginn 19. apríl 2008

Prófið er 8 blaðsíður

Leyfileg hjálpargögn: Lög, reglugerðir og reglur

Vinsamlegast gætið þess að merkja prófblöðin með prófnúmeri, munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

Gangi ykkur vel!!

1. Spurning samtals 100% vægi (hver kross hefur 2,5% vægi).

Athugið að svörum við krossaspurningum skal skilað á sérstöku svarblaði

Aðeins einn kross er réttur við hverja spurningu.

1. „Samstarf“, samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti, skal alltaf talið vera á milli tveggja aðila, ef þeir:

- a. hafa samtals náð meirihluta atkvæða í viðkomandi félagi.
- b. koma sér saman um að koma í veg fyrir yfirtaka annars aðila, eins eða fleiri, takist.
- c. taka sameiginlega og samræmda ákvörðun um skipan stjórnar félagsins.
- d. ekkert af ofangreindu á við.

2. Stjórn félags sem yfirtökutilboð nær til, þarf alltaf fyrirfram samþykki hluthafafundar:

- a. til að leita annarra tilboða í félagið.
- b. veita sjálfum sér og öðrum stjórnendum félagsins umtalsverða kauprétti og bónusa.
- c. taka ákvarðanir sem hafa á rekstur og efnahag félagsins.
- d. allt ofangreint á við.

3. Sá aðili sem leggur fram valfrjálst yfirtökutilboð í hluti félags sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði:

- a. þarf ekki að fylgja þeim tímafrestum sem settir eru í lögum um verðbréfiðskipti.
- b. ræður hvaða verð hann setur fram í tilboðinu.
- c. þarf ekki að bjóða öllum hluthöfum sem eiga hlut í sama flokki, sömu skilmála.
- d. allt ofangreint á við.

4. Með opinberri skráningu verðbréfa er átt við:

- a. samþykki kauphallar fyrir því að viðskipti með verðbréfin hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði.
- b. samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að viðskipti með verðbréfin hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði.
- c. skráningu Fjármálaeftirlitsins á verðbréfunum á opinberan lista.
- d. a. og c. geta hvort um sig átt við.

5. Björn er bæjarstjóri sveitarfélags sem hefur ákveðið að fjárfesta í fjármálagerningum.

Björn er alveg óreyndur á sviði verðbréfiðskipta og þekkir varla muninn á hlutabréfum eða skuldabréfum. Björn hefur því samband við fjármálafyrirtæki til að leita ráða. Vegna fjárfestingaráðgjafarinnar ber fjármálafyrirtækinu, skv. lögum um verðbréfiðskipti, að:

- a. gera samning við sveitarfélagið þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur aðilanna.
- b. afla upplýsinga um þekkingu og reynslu sveitarfélagsins og hvert markmið þess er með fjárfestingunni.
- c. a. og b. er rétt.
- d. ekkert ofangreint á við.

6. Fjármálafyrirtækjum ber að greina mögulega hagsmunaárekstra milli þess og viðskiptavina sinna eða viðskiptavina innbyrðis. Ef fjármálafyrirtækið telur að ráðstafanir þess til að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna dugi ekki þá er því:

- a. óheimilt að stofna til viðskipta við viðskiptavininn fyrr en leyst hefur verið úr hagsmunaárekstrinum.
- b. með öllu óheimilt að stofna til viðskipta við viðskiptavininn.
- c. skylt að upplýsa viðskiptavininn um hagsmunaáreksturinn.
- d. heimilt að stofna til viðskipta við viðskiptavininn án þess að geta um hagsmunaáreksturinn ef það telur að um sé að ræða minniháttar hagsmunaárekstur sem mun ekki skaða viðskiptavininn.

7. Innherjaviðskipti:

- a. eru alltaf fullkomlega lögleg, eðlileg og nauðsynleg.
- b. eru alltaf heimil ef regluvörður gefur leyfi til að eiga viðskiptin.
- c. er alltaf skylt að birta í fréttakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar.
- d. allt ofangreint er rangt.

8. Um innherjasvik er að ræða þegar aðili:

- a. dreifir röngum upplýsingum um félag og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á verð viðkomandi fjármálagerninga félags.
- b. ráðleggur þriðja aðila um verðbréfið á grundvelli óbirtra innherjaupplýsinga um fjármálagerninga, en gætir þess sérstaklega að greina þriðja aðilanum ekki frá efni innherjaupplýsinganna.
- c. dreifir trúnaðarupplýsingum um félag.
- d. miðlar upplýsingum til þriðja aðila og það er nauðsynlegur hluti af starfi hans.

9. Áður en skipulegur verðbréfamarkaður staðfestir lýsingu útgefanda skal hann framkvæma áreiðanleikakönnun (due diligence) á útgefanda og verðbréfum hans sem á að staðfesta að:

- a. allar upplýsingar í lýsingu séu réttar og áreiðanlegar.
- b. útgefandi starfi samkvæmt lögum, reglum og samþykktum sem um hann gilda.
- c. lýsing haldi allar nauðsynlegar og nægjanlegar upplýsingar sem skipta máli fyrir útgefanda.
- d. ekkert ofangreint á við.

10. Með “ófrávíkjanlegum reglum” í orðskýringu á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 2. tli. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir, er átt við:

- a. að skipulegur verðbréfamarkaður getur ekki haft áhrif á það hvernig eða hvaða tilboð parast í viðskiptakerfinu
- b. að skipulegur verðbréfamarkaður má ekki breyta reglunum eftir að þær hafa verið settar og samþykktar.
- c. allar þær reglur sem gilda um útgefendur og markaðsaðila.
- d. allt ofangreint á við.

11. Kauphöll ber ábyrgð á því að rekstur skipulegs verðbréfamarkaður sé heilbrigður og traustur. Þetta tryggir kauphöll með því að:

- a. tryggja að innihald lýsinga útgefanda uppfylli lágmarksskilyrði laga og reglugerða.
- b. sjá um öruggt uppgjör viðskipta.
- c. hafa eftirlit með því að eigendur virkra eignarhluta í kauphöll skaði ekki heilbrigðan eða traustan rekstur skipulega verðbréfamarkaðarins.
- d. ekkert ofangreint á við.

12. Skilyrði Kauphallarinnar á Íslandi (NASDAQ OMX) fyrir töku hlutabréfa til viðskipta, fela í sér:

- a. að af praktískum ástæðum, s.s. til að léttu álagi af forstjóra félagsins, skal a.m.k. einn aðili vera til staðar sem getur annast ytri samskipti fyrir hönd félagsins.
- b. að allir stjórnendur félagsins búi yfir þekkingu og reynslu á verðbréfamarkaði.
- c. rekstur útgefanda hafi skilað hagnaði 12 mánuðum fyrir töku hlutabréfanna til viðskipta.
- d. allt ofangreint er rétt.

13. Viðskiptavakt:

- a. er heimil öllum fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.
- b. er aðeins fyrir útgefendur hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- c. er til þess fallin að auka dýpt markaðar.
- d. allt ofangreint er rétt.

14. Samkvæmt reglum fjármálafyrirtækja um bestu framkvæmd:

- a. skulu viðskipti fyrir viðskiptavini alltaf fara fram á lægsta gengi.
- b. skal fjármálafyrirtæki fylgja fyrirmælum viðskiptavinar sem mælir með ákveðinni framkvæmd, án þess að fjármálafyrirtækinu sé skylt að taka tillit til reglna um góða viðskiptavenju.
- c. skal fjármálafyrirtæki ávallt afla fyrirfram samþykkis hjá viðskiptavini áður en viðskiptafyrirmæli fyrir hann eru framkvæmd.
- d. ekkert ofangreint á við.

15. Með opinberri birtingu upplýsinga er átt við:

- a. birtingu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir almenning.
- b. miðlun þeirra í upplýsingakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs.
- c. birtingu þeirra á heimasíðu útgefanda og Fjármálaeftirlitsins.
- d. a. og b. eiga bæði við.

16. Þegar fjármálafyrirtæki á viðskipti með eigin hluti sína þá:

- a. ber því alltaf að tilkynna viðskiptin í samræmi við ákvæði laga um innherjaviðskipti.
- b. ber því alltaf að birta opinberlega flöggunartilkynningu vegna viðskiptanna.
- c. fjármálafyrirtæki er aldrei heimilt að eiga viðskipti með eigin hluti.
- d. allt ofangreint er rangt.

17. Rafræn eignarskráning verðbréfa í verðbréfamiðstöð:

- a. er aðeins heimil fyrir fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- b. er heimil reikningsstofnunum sem eru aðilar að verðbréfamiðstöð.
- c. er sjálfkrafa heimil öllum útgefendum sem eiga verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- d. ekkert ofangreint á við.

18. Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð á:

- a. öllu tjóni sem rakið verður til starfsemi hennar.
- b. á tjóni sem einungis rekja má til ásetnings starfsmanna verðbréfamiðstöðvarinnar.
- c. öllu óbeinu tjóni sem rekja má til starfsemi hennar.
- d. ekkert ofangreint á við.

19. Hvaða fullyrðing er rétt:

- Hlutabréf verðbréfasjóðs eru alltaf innleysanleg að kröfu eiganda þess.
- Sjóður um sameiginlega fjárfestingu getur verið fagfjárfestisjóður.
- Verðbréfasjóður má ekki hefja starfsemi fyrr en hann hefur fengið starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.
- Rekstrarfélagi er ekki skylt að gera samning við vörslufyrirtæki.

20. Verðbréfasjóður:

- má ekki binda fé sitt í verðbréfum sem ekki hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- skal alltaf gefa út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðnum.
- eru alltaf áhættulaust fjárfestingarform.
- Ekkert ofangreint á við.

21. Stjórn útgefanda sem sækir um að fjármálagerningar þess verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, ber ábyrgð á:

- gerð lýsingar sem er skilyrði þess að fjármálagerningarnir verði teknir til viðskipta.
- öflun upplýsinga í lýsingu um öll mikilvæg atriði sem skipta máli.
- að staðreyna hvort upplýsingar í lýsingu séu eftir bestu vitund réttar.
- allt ofangreint er rétt.

22. Í hvaða tilvikum er heimilt að taka verðbréf til viðskipta án þess að gefa út lýsingu:

- ef útgáfa nýrra hluta kemur í stað hluta sem áður hafa verið gefnir út og fjöldi hluta verður sá sami eftir útgáfuna.
- ef útgefandi gefur út nýja hluti vegna fjármögnunar og hann hefur áður greint frá kjörum fjármögnunarinnar.
- ef hlutirnir hafa nýlega verið teknir til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.
- aldrei er hægt að fá undanþágu frá gerð lýsinga.

23. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng:

- fjárfestum er heimilt að skila inn röngum upplýsingum til Fjármálaeftirlitsins vegna umsóknar um virkan eignarhlut, ef það er afsakanlegt af þeirra hálfu.
- fjárfestir getur ekki tryggt sér kauprétt gagnvart þriðja aðila að virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki án þess að afla fyrirfram samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
- fjárfestir sem ætla að eignast virkan hlut í fjármálafyrirtæki getur fengið heimild til slíks, jafnvel þótt hann sé eigandi virks eignarhlutar í öðru fjármálafyrirtæki.
- æskilegt er að stærstu hluthafar fjármálafyrirtækja hafi til að bera þekkingu á fjármálastarfsemi.

24. Kauphöll skal hafa eftirlit með:

- hluthöfum félaga sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- því að útgefendur fylgi öllum reglum sem gilda um upplýsingaskyldu útgefanda, ekki bara reglum um upplýsingaskyldu útgefanda sem kauphöll hefur sett.
- útgefendur fylgi ákvæðum laga um hlutafélög og tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur eða vitneskja er um að brotið hafi verið gegn lögnum.
- allt ofangreint á við.

25. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með:

- reglum Kauphallarinnar.
- útgefendum og markaðsaðilum.
- með fjárfestum.
- bæði b. og c.

26. Skyldan til að birta greinargerð stjórnar vegna reikningsskila, hvílir á:

- a. útgefendum fjármálagerninga.
- b. útgefendum verðbréfa.
- c. útgefendum hlutabréfa.
- d. ekkert ofangreint á við.

27. Útgefanda verðbréfa ber að birta opinberlega viðbótarupplýsingar um útgáfur nýrra lána ef:

- a. útgáfan hefur marktæk áhrif á verð verðbréfa hans.
- b. nýju lánin verða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- c. útgefanda ber alltaf að birta opinberlega upplýsingar um slíka útgáfu.
- d. ekkert ofangreint á við.

28. Markaðsmisnotkun er alltaf óheimil, nema þegar um er að ræða:

- a. viðurkennda markaðsframkvæmd.
- b. viðskipti viðskiptavaka.
- c. endurkaupaáætlun.
- d. allt ofangreint er rétt.

29. Skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað er að:

- a. allt hlutfé í sama flokki sé tekið til viðskipta.
- b. útgefandi hafi skilað hagnaði í a.m.k. 3 ár fyrir fyrsta viðskiptadag.
- c. útgefandi hafi áður selt a.m.k. 25% hlutfjár í almennu útboði.
- d. allt ofangreint á við.

30. Hvaða fullyrðing er rétt:

- a. stofnendur fjármálafyrirtækja verða allir að vera búsettir hér á landi.
- b. fjármálafyrirtæki má ekki hefja starfsemi fyrr en stofnfé þess hefur verið að fullu greitt og ef stofnfé er ekki reiðufé skal staðfesting endurskoðenda fylgja um virði hlutarins sem lagður er fram.
- c. verðbréfamiðlun er heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning ef hlutfé hennar er að lágmarki 5 milljónir króna.
- d. ekkert ofangreint á við.

31. Markmið flöggunarreglna er að:

- a. Skylda hluthafa til að gefa hlutafélaginu og verðbréfamarkaðnum upplýsingar um hlutfjáreign þeirra í félaginu við ákveðnar aðstæður.
- b. upplýsa um gengi hlutabréfa sem stórir hluthafar eiga viðskipti með hlutina á.
- c. upplýsa um eigendaskipti allra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.
- d. allt ofangreint á við.

32. Hvaða fullyrðing er rétt:

- a. Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð ríkisstofnun en heyrir undir viðskiptaráðherra.
- b. hægt er að skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra.
- c. starfsmenn Fjármálaeftirlitsins mega ekki eiga viðskipti við eftirlitsskylda aðila.
- d. allt ofangreint er rétt.

33. Hvaða fullyrðing er rétt, verðbréf útgefanda:

- eru aðeins sett á athugunarlista kauphallar að ákvörðun kauphallar.
- geta verið sett á athugunarlista ef aðili/aðilar eignast hlut yfir yfirtökumörkum verðbréfavíðskiptalaga.
- geta verið sett á athugunarlista ef útgefandi birtir ekki opinberlega ársreikning sinn innan réttra tímamarka.
- allt ofangreint er rétt.

34. Karl vinnur hjá kauphöll sem staðfestir lýsingar í umboði Fjármálaeftirlitsins. Hans hlutverk er að yfirfara og staðfesta lýsingar. Við yfirferð á lýsingu áttar hann sig á því að í lýsingunni er ranglega farið með upplýsingar um starfsemi félagsins og hann telur þessa rangfærslu verulega þýðingarmikla. Hann hefur strax samband við umsjónaraðilann sem gerir lýsinguna fyrir félagið og fær þau svör til baka að það komi ekki til greina að laga þetta, svona eigi þetta bara að vera. Karl er ekki sammála því þar sem skömmu áður birtist tilkynning frá félaginu og í henni var getið um þessar upplýsingar og eru þær ekki í samræmi við textann í lýsingunni. Hann veltir fyrir sér hvað hann eigi að gera:

- staðfesta lýsinguna óbreytta, enda er efnisinnihald hennar ekki á ábyrgð kauphallar (aðeins formið), heldur stjórn félagsins sem skrifar undir ábyrgðaryfirlýsingu þess efnis.
- endurskrifa textann, senda á umsjónaraðilann og segja honum að lagfæra lýsinguna.
- staðfesta lýsinguna óbreytta en um leið og lýsingin er birt opinberlega þá lætur hann fylgja með tilkynningu þar sem fram koma upplýsingar um ósamræmi í lýsingunni og nýlegri tilkynningu frá útgefanda.
- neita að staðfesta lýsinguna þar sem hann veit að í henni eru efnislega rangar upplýsingar.

35. Söluþrygging:

- skuldbindur fjármálafyrirtæki til að greiða þær áskriftir sem ekki greiðast í almennu útboði.
- er skylda fyrir útgefanda sem ákveður að selja hluti í almennu útboði.
- er trygging útgefanda fyrir því að lágmarksverð fái fyrir þá hluti sem hann selur í almennu útboði.
- allt ofangreint er rangt.

36. Kauphöll er skylt að birta:

- upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu tilboða.
- verðupplýsingar um tilboðin, aðila að þeim og umfang þeirra.
- verðupplýsingar um tilboðin og umfang þeirra á þeim verðum, fyrir alla fjármálagerninga.
- verðupplýsingar fyrir tilboð í hlutabréf og umfang tilboðanna

37. Jón á 4% af nafnverði hlutafjár (en engan atkvæðisrétt) í Versló hf. en hlutabréf þess félags hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, þ.e. í NASDAQ OMX Kauphöllinni. Eiginkona Jóns, Gunna, átti 3% nafnverðs hlutafjár (en engan atkvæðisrétt) í sama félagi og hefur nú bætt við sig 3% til viðbótar. Jón veltir nú fyrir sér flöggunarskyldu sinni og þeirra hjóna:

- Jón og Gunna senda sameiginlega flöggunartilkynningu til Versló hf.
- Jón og Gunna fara ekki með sameiginlegan fjárhag og því er ekki skylda til að flagga.
- Jón flaggar ekki (4%) en Gunna flaggar (6%).
- ekkert af ofangreindu á við þar sem þau fara ekki með atkvæðisrétt.

38. **NOM hf. er félag sem óskað hefur eftir því að hlutabréf þess verði tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Kauphöllinni. Samhliða töku bréfanna til viðskipta fer fram almennt útbod á 30% hlut í félaginu. Innherjar tóku þátt í útbodinu og keyptu hluti. Í kjölfar útbodsins skoða þessir aðilar tilkynningarskyldu sína til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar, vegna viðskiptanna:**
- eingöngu þarf að tilkynna um viðskipti innherjanna til Fjármálaeftirlitsins. .
 - tilkynna þarf viðskipti innherja til Fjármálaeftirlitsins, og Kauphallarinnar ef við á.
 - einungis þarf að tilkynna um viðskipti innherjanna til Kauphallarinnar.
 - ekkert ofangreint á við þar sem hlutirnir hafa ekki enn verið teknir til viðskipta á þessum tímapunkti.
39. **Gunni er miðlari hjá Þjóðbankanum. Við hann hefur samband viðskiptavinur, Hermann, sem Gunni veit að er fruminnherji í Domo hf. sem hefur hlutabréf sín í viðskiptum í NASDAQ OMX Kauphöllinni. Hermann segir við Gunna að hann vilji eiga viðskipti með hluti í Domo hf. Í óspurðum fréttum segir hann að hann hafi mikla trú á félaginu og það eigi eftir að gera stóra hluti í framtíðinni, þetta sé félag sem bara eigi eftir að vaxa, dafna, blómstra og fara mun meira í útrás út í hinn stóra heim heldur en áður, sérstaklega eftir að nýi forstjórinn tók við, en tilkynnt var um það í Kauphöllinni í síðustu viku. Hermann er samt ekki viss um að margir fjárfestar hafi átt sig á þessum gullmola sem Domo hf. er. Gunni er ekki alveg viss hvað þessar yfirlýsingar Hermanns þýða og hvort hann megi yfir höfuð hafa milligöngu um viðskiptin eftir það sem Hermann hefur sagt við hann.**
- Gunna er óheimilt að hafa milligöngu um viðskiptin, sbr. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (markaðsmisnotkun)
 - Gunna er óheimilt að hafa milligöngu um viðskiptin, sbr. 124. gr. sömu laga (innherjasvik)
 - a. og b. er rétt.
 - ekkert ofangreint er rétt og Gunna er heimilt að hafa milligöngu um viðskiptin.
40. **Finnbogi er fruminnherji í Mangó hf. sem hefur hluti sína í viðskiptum í NASDAQ OMX Kauphöllinni. Hann er í framkvæmdastjórn félagsins og hann og forstjóri félagsins eru miklir mátar. Af þeim sökum veit Finnbogi stundum um innherjaupplýsingar sem aðrir innherjar í félaginu hafa ekki vitneskju um. Finnboga finnst það frábært og reynir að nýta sér það til framdráttar innan félagsins. Nú hefur forstjóri félagsins laumað því að honum að hann sé í samningaviðræðum við annað félag um yfirtöku á því síðarnefnda. Forstjórinn biður hann að fara leynt með þessar viðkvæmu innherjaupplýsingar, fáir innan félagsins vita af þeim. Á sama tíma var Finnbogi að hugsa um að eiga viðskipti með hluti í félaginu og hafði skömmu eftir samtalið við forstjóran samband við regluvörð félagsins til að fá leyfi fyrir viðskiptunum. Regluvörðurinn gefur leyfi fyrir viðskiptunum en Finnbogi er samt ekki alveg viss um hvort það sé í lagi að hann eigi viðskiptin:**
- það er heimilt þar sem regluvörðurinn var búinn að gefa honum leyfi fyrir þeim.
 - það er heimilt þar sem hann var búinn að taka ákvörðun um að eiga viðskiptin áður en hann frétti af þessum innherjaupplýsingum og ákvörðun hans um viðskiptin er að engu leyti byggð á þessu nýju upplýsingum.
 - það er ekki heimilt þó að regluvörðurinn hafi gefið leyfi, Finnbogi býr yfir innherjaupplýsingum og þá er honum óheimilt að eiga viðskipti með hluti í félaginu.
 - hann lætur viðskiptin fara fram í nafni konu sinnar, þó hún sé fjárhagslega tengd honum, þá hefur hún ekki hugmynd um þessar nýju upplýsingar.